

Sp.

246. Tillaga til þingsályktunar

um athugun á rafmagnspörf austurhluta Rangárvallasýslu og Mýrdals í Vestur-Skaftafellssýslu.

Flm.: Jón Gíslason, Helgi Jónasson.

Alþingi felur ríkisstjórninni:

- a. að láta fram fara á árinu 1948 rannsókn á því, hvort heppilegra sé til þess að fullnægja rafmagnspörf austurhluta Rangárvallasýslu og Mýrdals að virkja Skógaá undir Eyjafjöllum eða leiða rafmagn frá Sogsvirkjuninni, frá Hvolsvelli, austur með Eyjafjöllum og yfir Mýrdal að Vík;
- b. að leggja að rannsókninni lokinni fram frumvarp um öflun raforku fyrir þessar sveitir, byggt á þeim niðurstöðum, sem af rannsókninni leiðir.

Greinargerð.

Í Eyjafjallahreppum báðum eru 97 bændabýli og í Mýrdal 70, eða alls eru í þessum 4 hreppum milli 160 og 170 býli. Allt eru þetta ágætar sveitir og vel fallnar til búskapar og ræktunar.

Svo er kaupúnið í Vík í Mýrdal. Það telur nú um 300 íbúa. Kaupúnið hefur gamla rafstöð til sinna þarfa, sem fyrir löngu er orðin langt of lítil, og hefur nú verið bætt við rafmagnið þar með olíumótor. Íbúum í Víkurkaupúni hefur farið fjölgandi nú síðustu ár, og er alveg óumflýjanlegt að bæta úr rafmagnspörf þess sem fyrst, bæði vegna fólksfjölgunar og eins vegna þess, að þar er talsverð þörf fyrir rafmagn til vélaverkstæða og fleira.

Þá er það héraðsskólinn að Skógum. Byggingu hans er nú það langt komið, að telja má líkur til, að hann geti tekið til starfa næsta haust. En þar er engin rafvirkjun fyrir hendi og ekki heldur heitt vatn til upphitunar. Verður því rafmagnspörf skólans talsverð, bæði til hitunar húsum og sundlaug auk annars. Virðist því vera líkur fyrir því, að heppilegt geti verið að leysa rafmagnspörf nærliggjandi sveita og skólans í sameiningu.

Þar sem væntanlega verður lokið við að leiða rafmagn frá Soginu austur í Hvolhrepp snemma á næsta ári, er það nauðsynlegt að ákveða sem fyrst, hvort halda skal áfram með þá leiðslu eða koma upp sérstakri virkjun fyrir þessi byggðarlög.